

ar, og verði hinir sömu menn aptur á manntalsþingum 1889 uppvísir að hinni sömu 70 vanrækt, þá ber að beita tvöföldum sektum fyrir hið umliðna ár og hinum sömu sektum 15. júní. framvegis fyrir hvert ár, er líður úr því.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um upp- 71 bót til leiguliða á Þjóðjörðum, sem höfðu orðið fyrir skemmdum af vatnságangi. — 15. júní.

Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skoðunar- og matsgjörð hlutaðeigandi úttektarmanna á skemmdum, sem ýmsar þjóðjarðir í Svarfaðardal, er heyra undir stærri og minni Eyjafjarðarsýslujarða umboð, höfðu orðið fyrir af vatnságangi í júlímánuði f. á., ásamt skýrslu umboðsmannsins um málefni þetta, og hafið þjer lagt það til, að leiguliðunum á umgetnum umboðsjörðum verði veitt upp- bót sú, sem þeim ber eptir lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða 12. janúar 1884, 17. gr., fyrir rýrnun þá, er leigujarðir þeirra hafa beðið á þennan hátt.

Útaf þessu vil jeg tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að leiguliðarnir á eptirnefndum umboðsjörðum verði aðnjótandi þeirrar linunar í landsskuldargjöldum, sem tilgreind er við hverja jörð um sig:

- 1, leiguliðinn á Bakka 30 meðalálna lækkunar fyrir fardagaárið 1885—86 í landsskuld- inni, sem er 190 álnir, en 10 álna lækkunar árlega eptir það fyrst um sinn;
- 2, leiguliðinn á Ytra-Garðshorni 20 meðalálna lækkunar fyrir fardagaárið 1885—86 í landsskuldinni, sem er 120 álnir, en síðan fari landsskuldin hækkandi um 5 álnir á ári þangað til hún er aptur orðin 120 álnir, sem verður fardagaárið 1889—90;
- 3, leiguliðinn á Grund fyrir fardagaárið 1885—86 25 meðalálna lækkunar í landsskuld- inni, sem það ár var 102½ al., og að landsskuldin, sem nú er 120 ál., færast fyrir yfirstandandi fardagaár niður um 20 ál., en fari síðan hækkandi um 5 álnir hvert fardagaár, þangað til hún er aptur orðin 120 álnir, sem verður fardagaárið 1890—91;
- 4, leiguliðinn á Ytra-Holti fyrir síðastliðið fardagaár 25 meðalálna lækkunar í lands- skuldinni, sem er 100 ál., en að landsskuldin síðan fari hækkandi um 5 ál. fyrir hvert fardagaár, þangaðtil hún hefur náð sjer aptur, sem verður fardagaárið 1890—91;
- 5, leiguliðinn á Hrappsstöðum 45 meðalálna lækkunar fyrir síðastliðið fardagaár í landsskuldinni, sem er 180 ál., en að landsskuldin síðan fari hækkandi um 5 ál. hvert fardagaár, þangað til hún hefur náð sjer aptur, sem verður fardagaárið 1894—95;
- 6, leiguliðinn á Skáldalæk fyrir síðastliðið fardagaár 25 ál. lækkunar í landsskuldinni, sem er 100 ál., en að landsskuldin síðan fari hækkandi um 5 ál. hvert fardagaár þangað til hún er aptur orðin 100 ál., sem verður fardagaárið 1890—91.

Að því er aptur á móti snertir skemmdirnar á umboðsjörðunni Steindyrum, þá nema þær svo litlu, að þær naumast eru takandi til greina, en ef leiguliðinn græðir út jafnstóran túblett einsog þann, sem eyðt hefur, þá mun hann geta átt von á að fá í eitt skipti fyrir öll 2½ meðalálнар uppbot þá, sem honum ætti að bera eptir mati út- tektarmannanna.

Loks samþykki jeg, að helmingur kostnaðar þess, sem leitt hefur af áðurnefndri skoðunargjörð, greiðist úr umboðssjóði eptir reikningi, sem amtið úrskurðar,